

**STJÓRNARFUNDUR Á SKRIFSTOFU SSNV Á HVAMMSTANGA
FIMMTUDAGINN 7. JÚLÍ 2011 KL 13:30.**

Fimmtudaginn 7. Júlí 2011 kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Hvammstanga. Mættir voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun sat einnig fundinn.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Lögð fram til kynningar.
2. **Fjárhagsupplýsingar fyrstu 6 mánuði ársins 2011**
 - a. **SSNV.** Framkvæmdastjóri lagði fram 6. mánaða rekstaryfirlit og skýrði einstaka liði. Niðurstaðan er í samræmi við áætlun.
 - b. **SSNV atvinnuþróun.** Framkvæmdastjóri lagði fram 6. mánaða rekstaryfirlit og skýrði einstaka liði. Niðurstaðan er í samræmi við áætlun.
3. **Fjárhagsáætlun SSNV og SSNV atvinnuþróunar 2012.** Framkvæmdastjóri lagði fram og skýrði drög að fjárhagsáætlunum SSNV og SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2012. Stjórn samþykkir drögin og vísar fjárhagsáætlunum til umfjöllunar og afgreiðslu 19. ársþings.
4. **Landshlutaáætlun Norðurlands vestra – upplýsingar**
 - a. **Samgöngumál.** Rætt um forgangsröðun í samgöngumálum á Norðurlandi vestra., en gert er ráð fyrir að landshlutar skili sameiginlegum tillögum í forgangsröð vegna samgönguframkvæmda 2011-2014 inn til Samgönguráðs haustið 2011. Umræður urðu málið. Framkvæmdastjóra falið rita bréf til sveitarfélagana og vekja athygli á þessu nýja verklagi.
 - b. **Verkefni landshlutaáætlunar sem liggja þurfa fyrir haustið 2011.** Framhaldið umræðu frá síðasta fundi um gerð landshlutaáætlunar Norðurlands vestra. Gert er ráð fyrir að SSNV leggi fram 5-7 verkefni sem forgangsmál Norðurlands vestra vegna fjárlagagerðar nú í haust. Miklar umræður urðu undir þessum lið m.a um ferðamál.
5. **Fundur með formanni fjárlaganefndar.** Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi með formanni fjárlaganefndar þar sem farið var yfir breytingar á vinnulagi fjárlaganefndar, en nefndin mun ekki úthluta styrkjum til einstakra verkefna frá og með fjárlagagerð 2012. Skv. ákvörðun nefndarinnar mun hluti þeirra fjárveitinga sem veitt hefur verið af safnliðum renna til menningarsamninga landshlutana auk annarra sjóða sem starfa á landsvísu m.a Safnasjóð, Húsafriðunarsjóð, Tónlistarsjóð o.fl. Framkvæmdastjóra falið að vekja athygli sveitarfélagana á þessari breytingu.
6. **Ársþing 2011 – efnistöð.** Umræður urðu um efnistöð ársþings. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna dagskrá í framhaldi af því sem rætt var á fundinum.
7. **Sumarfundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakana.** Formaður fór yfir fund formanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga sem haldinn var á Gauksmýri 23. júní s.l.
8. **Endurskoðun á samstarfssamningi sveitarfélagana á Norðurlandi vestra.** Lagðar fram tillögur menningarráðs að breytingum á samstarfssamningi sveitarfélagana á Norðurlandi vestra í menningarmálum. Lagt fram til kynningar. Formaður kynnti umræður Menningarráðs um endurnýjun á Menningarstefnu

sveitarfélagana á Norðurlandi vestra frá árinu 2005. *Stjórn SSNV beinir því til Menningaráðs Norðurlands vestra að ráðið taki menningarstefnu sveitarfélagana á Norðurlandi vestra frá 2005 til endurskoðunar en í landshlutaáætlunum er gert ráð fyrir að hver landshluti vinni menningarstefnu.*

9. Bréf og fundargerðir

- a. **Stjórnar Eypings frá 31. Maí 2011.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Skipun í vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra.** Lagt fram bréf Velferðarráðuneytisins dags. 5. maí 2011 um skipun í fulltrúa í Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra en SSNV tilnefndi einn fulltrúa í ráðið og einn til vara.. Skv. tilnefningu var Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV skipaður aðalfulltrúi og Katrín María Andrésdóttir verkefnisstjóri SSNV atvinnuþróunar til vara.
- c. **Bréf umhverfisráðuneytisins dags. 3. júní 2011.** Í bréfinu er kallað eftir umsögn um drög að reglugerð um stjórn vatnamála sbr. lög nr. 36/2011. *Stjórn SSNV leggur áherslu á að stjórnsýsla verði einföld og reynt verði að lágmarka kostnaðaríþyngjandi atriði sem snúa að sveitarfélögunum en gerir ekki athugasemdir við einstaka greinar við setningu reglugerðarinnar.*
- d. **Bréf umhverfisráðuneytisins dags 20. Júní 2011.** Í bréfinu er kallað eftir umsögn SSNV um drög að reglugerð um framkvæmdaleyfi til framkvæmda sem ekki eru háðar byggingarleyfi samkvæmt III. Kafla laga um mannvirki nr. 160/2010.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:30. Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.